

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um ársreikninga og samstæðureikninga líftryggingafélaga, nr. 612/1996.

1. gr.

7. mgr. 27. gr. orðast svo:

Undir lið 3.3.5 *Önnur útlán* skal færa útlán önnur en þau sem falla undir lið 3.3.4. Hér skal færa útlán sem veitt eru með veði í líftryggingum hjá félaginu allt að endurkaupsverði. Heildarfjárhæða þeirra skal getið í skýringum. Útlán með veði í líftryggingum sem einnig eru veitt með öðru veði skulu færð undir lið 3.3.4. Nemi þessi liður verulegri fjárhæð skal gerð nánari grein fyrir honum í skýringum.

2. gr.

2. og 3. mgr. 53. gr. verða ein málsgrein, 2. mgr.:

Heimilt er að beita öðrum viðurkenndum tölfraðilegum reglum við mat iðgjaldaskuldarinnar, megi vænta þess að þær gefi hliðstæðar niðurstöður og einstaklingsbundið mat. Í því tilviki skal meginforsendna getið í skýringum.

3. gr.

75. gr. orðast svo:

Bókfærð iðgjöld félagsins í líftryggingum skal sundurliða á frumtryggingar og endurtryggingar nemi iðgjöld endurtrygginga 10% eða meira af bókfærðum iðgjöldum samanlagt.

Greina skal frá skiptingu bókfærðra iðgjalda frumtrygginga í flokka sem hér segir:

- 1.1 Einstaklingsbundnar líftryggingar.
- 1.2 Hóplíftryggingar.
- 2.1 Líftryggingar þegar iðgjöld eru greidd í eitt skipti fyrir öll.
- 2.2 Líftryggingar þegar iðgjöld eru greidd með öðrum hætti.
- 3.1 Líftryggingar án ágóðahlutdeildar.
- 3.2 Líftryggingar með ágóðahlutdeild.
- 3.3 Líftryggingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka.

Ekki er gerð krafa um að greint sé frá skiptingu á undirliði 1, 2 eða 3 nema bókfærð iðgjöld í hverjum flokki fyrir sig fari yfir 10% bókfærðra iðgjalda í frumtryggingum samanlagt.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. mgr. 44. gr. l. nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi. Öðlast hún þegar gildi og kemur í fyrsta sinn til framkvæmda við gerð ársreiknings fyrir árið 1996.

Viðskiptaráðuneytinu, 27. desember 1996.

Finnur Ingólfsson.

Halldór J. Kristjánsson.